



Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið í menningarsögu Evrópu tekin til skoðunar í ljósi ýmissa þátta, t.d. myndlistar, byggingarsögu, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar samfélaga. Teknir verða fyrir valdir efnisþættir, t.d. grísk klassík, rómversk menning, heimur miðalda, kristin menning, íslömsk menning, endurreisnin á Ítalíu, barokköldin, stefnur og straumar í list og menningu á 19. öld og tíðarandi. Tækni og tækninýjungar, áhrif þess á samfélög og lífskjör manna. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.

Markmið:

Nemandinn:

- þekki mismunandi skilning á menningarhugtakinu.
- sýni leikni við að leita sér upplýsinga með margvíslegum hætti, t.d. í ritum og á netinu.
- tileinki sér fræðilega umfjöllun um efnið, t.d. í handbókum og yfirlitsritum.
- tileinki sér fræðileg og vönduð vinnubrögð í tengslum við verkefna- og ritgerðarskil.
- átti sig á nokkrum dráttum í stjórnaritari og félagsgerð borgríkja forn-Grikkja.
- þekki einkenni þjóðfélagshópa í Grikklandi til forna og lýðræðisfyrirkomulag.
- þekki helstu heimspekinga, verk þeirra og áhrif, sagnaritara og helstu skáld og verk þeirra.
- þekki nokkur áhrif grískrar menningar á seinni tíma.
- geri sér grein fyrir umfangi Rómaveldis.
- þekki til rómverskrar löggjafar, fjölskyldu og stöðu kynja, siða og hátíða.
- geti nefnt helstu skáld Rómverja og verk þeirra.
- þekki upphaf og þróun kirkjunnar.

- kannist við ríki Karlamagnúsar og þekki upphaf háskólanna.
- þekki upphaf islam og menningarhrif araba.
- geti skilgreint hugtakið “endurreisn” eða renaissance og helstu einkenni þess tíma sem hugtakið nær yfir.
- þekki hugmyndaheim og líf venjulegs fólks á miðöldum og í upphafi endurreisnar.
- þekki helstu listamenn endurreisnar og nýaldar.
- geri sér grein fyrir áhrifum nýrrar tækni á samfélög og menn og hvernig tækninýjungar móta menninguna á hverjum tíma.
- kanni skáldverk eða kvikmynd um efni sem byggist á sögulegum grunni, íslenskt verk eða erlent.
- meti misjöfn efnistöð, markmið og framsetningu efnisins.
- meti heimildagildi sögulegra verka, kosti og galla við notkun þeirra, t.d. í kennslu.

Námsgögn:

Heiðrún Geirsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Margrét Gunnarsdóttir: Þættir úr menningarsögu NB. Nýja bókafélagið. Reykjavík 2004.

**SAGA3EM05 fjarnám –
menningarsaga
Námsáætlun Vor 2020**



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátt a
	Menning fornaldar		
3. - 4. vika	Grikkland til forna, bls. 9 - 38	Skilaverkefni 1	10%
5. vika	Grikkland til forna, bls. 9 - 38	Skilaverkefni 2	5%
6. - 7. vika	Rómarmenning, bls. 38 - 57	Skilaverkefni 3	10%
8. - 9. vika	Rómarmenning, bls. 38 – 57	Skilaverkefni 4	5%
	Vestræn menning í mótun		
10. - 11. vika	Kristin menning, klausturlíf, upphaf háskóla, áhrif islam og krossferðir, bls. 59 – 95.	Skilaverkefni 5	10%
	Endurreisn og miðaldir		
12. vika	Endurreisnarlist, bls. 106 - 121	Skilaverkefni 6	5%
	Frá barrokköld til upphafs nútíma		
13. - 16. vika. Páskafrí í 15. viku	Menning og listalíf, Holland blómstrar, Öld óhófs og upplýsingar, 19. öldin – umbrotaskeið í mannlífi og listum, bls. 129 - 165	Skilaverkefni 7	5%
17. - 19. vika.	Framúrstefnuhreyfingar á 20. öld, bls. 168 – 179	Skilaverkefni 8	5%

**SAGA3EM05 fjarnám –
menningarsaga
Námsáætlun Vor 2020**



Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:		<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi		
Lokapróf	Skriflegt lokapróf úr öllu námsefninu	40%		
Skilaverkefni	Verkefni 1 (Grikkland)	10%		
Skilaverkefni	Verkefni 2 (Grikkland)	5%		
Skilaverkefni	Verkefni 3 (Rómarmenning)	10%		
Skilaverkefni	Verkefni 4 (Rómarmenning)	5%		
Skilaverkefni	Verkefni 5 (Kristin menning)	10%		
Skilaverkefni	Verkefni 6 (Endurreisn)	5%		
Skilaverkefni	Verkefni 7 (Barokköld)	5%		
Skilaverkefni	Verkefni 8 (Listalíf á 20. öld)	5%		
Moodlepróf	Próf á moodlekennsluvefnum	5%		
		Samtals:	100%	

Glærur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle- kennsluvefnum. Auk þess verða þar tilkynningar frá kennara um námið og skipulag þess, því er mikilvægt að líta reglulega inn á vef áfangans.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Kruger (ÞOK)

kruger@vma.is

Dagsetning:

15. Janúar 2022

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils